



36. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Mánudagur 13. febrúar 2023 kl. 16:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Herbert Arnarson (HSA), Einar Karl Birgisson (EKB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK), Erlingur Hannesson (EH) og Jón Bender (JB).

Undir lið 3 tóku sæti á fundinum og sátu fundinn til enda Kristinn Geir Pálsson (KGP) afreksstjóri KKÍ og Snorri Örn Arnaldsson (SÖA) móta- og fræðslustjóri

Forföll boðaði: Lárus BLöndal (LB)

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fundargerð síðasta fundar

Hefur verið samþykkt rafrænt.

2. Fjármál

Farið yfir stöðuna í fjármálunum. Farið yfir ársreikning 2022 og hann sendur til endurskoðunar. Fjárhagsáætlun 2023 enn í vinnslu þar sem fara þarf yfir hana alla aftur vegna ákvörðunar stjórnar ÍSÍ varðandi úthlutun úr afrekssjóði. Það er ljóst að þrátt fyrir góða afkomu síðasta árs þá þarf töluverða aukningu í tekjur til að standa undir þeim kostnaði sem mun falla til árinu. Góðar umræður.

3. Móta-og dómaramál

KKDÍ hefur hafnað samningi sem gerður var á milli KKÍ og KKDÍ. Samninganefnd KKÍ hefur nú fundað með tveimur samninganefndum KKDÍ. Í þeim samninganefndum hafa meðal annars setið stjórnarmenn KKDÍ, og báðar samninganefndir hafa haft fullt umboð til að klára samkomulag við KKÍ. Samninganefndirnar hafa samþykkt samkomulag við KKÍ, en félagsfundur hefur hafnað þessu samkomulagi. Stjórn KKÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum með vinnubrögð KKDÍ í þessu máli. KKÍ er á engan hátt skylt að gera samning við félagið. Málið verður tekið fyrir aftur inn stjórnar að loknu þingi í mars.

Nýtt mótakerfi er í burðarliðnum sem tekið verður í noktun fyrir næsta keppnistímabil. Samið hefur verið við fyrirtækið Stacks Sport/Gameday.

HSJ sagði frá fundi með fulltrúum Genius Sport vegna tölfræðivefs okkar og veðmálaréttar.

4. Afreks-og landsliðsmál

Búið að skera niður hópanna hjá yngri landsliðunum frá verkefnum í desember. U18 stúlkur æfðu um nýliðina helgi, U15, U16 og U18 drengir æfar um næsti helgi 18.-19. febrúar. U20 hópar verða tilkynntir í þessari viku.

Kvennlandsliðið lék síðustu tvo leiki sína í undankeppni EM2023 og báðir leikir töpuðust. Liðið endaði í þriðja sæti í sínum riðli af fjórum liðum og er með betri árangir sem kvennlandslið okkar hefur náð í undankeppni EM. Liðið okkar var eitt allra yngsta liðið af þeim löndum sem tóku þátt í undankeppninni, miklar framfarir hjá liðinu og spennandi tímar framundan hjá kvennlandslið okkar.

Karlalið mun leika síðustu tvo leiki sína í undankeppni HM í lok febrúar og eiga ennþá góða möguleik á því að komast á HM með góðum úrslitum. Þar sem karllandsliðið á enn möguleika á því að komast á HM munu FIBA koma með verðlaunagrip HM til myndatöku á Íslandi og hafa gripinn inná vellinum 30 mín fyrir heimaleikinn við heims-og evrópumeistara Spánar.

5. ÍSÍ málefni

HSJ og GNE gáfu skýrslu um stöðuna er varðar ákvörðun stjórnar ÍSÍ um að fella KKÍ niður um afreksflokk úr A í B. Stjórn ÍSÍ kynnti á kvörðun sína formlega 24. janúar sem hafði verið tilkynnt óformlega 13. desember sl. til KKÍ.

Sama dag það er 24. janúar kom tölvupóstur þar sem formlega var tilkynnt að yfirfara eigi reglugerð um afrekssjóð og sérsambönd hvött til að skila inn tillögum/athugasemdum fyrir 20. febrúar. KKI hefur frá því árið 2019 átt í formlegum sem og óformlegum samskiptum við ÍSÍ um breytingar á reglugerðinni.

Ákvörðun um þessa færslu hefur verið mótmælt af hálfu KKÍ og af hálfu KKÍ verið færð rök fyrir því afhverju ekki ætti að fara í þessu færslu. Ákvörðun stjórnar ÍSÍ hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir KKÍ og körfuboltann í landinu til framtíðar.

Stjórn KKÍ samþykkti eftirfarandi áskorun sem send verður til stjórnar ÍSÍ:

Körfuknattleikssamband Íslands lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þá ákvörðun stjórnar ÍSÍ frá 24. janúar s.l. að færa KKÍ úr afreksflokki A í B. Með ákvörðun sinni stefnir ÍSÍ öllu afreksstarfi sambandsins í hættu og sendir út skýr skilaboð um afstöðu stjórnar ÍSÍ til afreks- og landsliðsmála KKÍ. Þetta eru sorgleg skilaboð ekki síst í ljósi þess að árið 2022 var árangursríkasta ár landsliða KKÍ frá upphafi. Auk þess á A-landslið karla í fyrsta sinn möguleika á að komast á HM ásamt því að hafa tryggt sér sæti í undankeppni Ólympíuleikanna 2024, fyrst íslenskra hópípróttageina. Því er nú öllu stefnt í hættu.

Að mati stjórnar KKÍ er tímasetning þessarar ákvörðunar sérkennileg þar sem á sama tíma er boðuð endurskoðun reglugerðar um Afrekssjóð ÍSÍ. Mátti ekki bíða með afdrífaríkar ákvarðanir þar til endurskoðun var lokið? KKÍ fagnar því vissulega að loks eigi að hefja þá endurskoðun en bendir á að í mörg undanfarin ár hefur sambandið hvatt til þeirrar vinnu, bæði formlega og óformlega sem og lagt til tillögur að breytingum.

Áhyggjur stjórnar KKÍ eru ekki mestar af árinu 2023 enda hefur sambandið skuldbundið sig til allra verkefna í ár. Það sem veldur mestum áhyggjum er afreksstarfið til framtíðar, en að óbreyttu mun ákvörðun ÍSÍ valda afreksstarfi KKÍ óbætanlegum skaða og hafa þannig áhrif á vöxt og viðgang körfuknattleiksíþróttarinnar á Íslandi.

Að óbreyttri reglugerð stendur KKÍ frammi fyrir því að þurfa að endurskoða þátttöku karla- og kvennalandsliða sambandsins í undankeppnum FIBA 2023-2027. Undankeppnir EM 2025 hefjast næsta haust og með þátttöku þar skuldbindur KKÍ sig einnig til að taka þátt í undankeppni fyrir HM karla 2027, en sú undankeppni hefst á haustdögum 2025. Undankeppnir HM kvenna eru með öðru sniði. Það er ljóst að KKÍ mun ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að senda liðin til keppni að óbreyttri reglugerð. Allar áætlanir í þessum efnum eru nú í uppnámi.

Ákvörðun ÍSÍ hefur ekki einungis áhrif á starf A-landsliða KKÍ. Hún setur einnig öflugt afreksstarf yngri landsliða í uppnám en sumarið 2022 var það besta í sögu yngri landsliða KKÍ, jafnt hjá drengjum sem stúlkum.

Ljóst er að Afrekssjóður er alvarlega vanfjármagnaður. KKÍ hefur verið í fararbroddi samstarfi við önnur sérsambönd og beitt sér fyrir því á undanförunum árum að fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldins til Afrekssjóðs sé aukinn til muna með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Hér þarf ríkisvaldið að stíga ákveðið og tafarlaust inn með umtalsvert hærri framlög til Afrekssjóðs en hingað til.

Körfuknattleikur er ein stærsta íþróttagrein landsins og íslenskur körfuknattleikur hefur aldrei verið jafn framarlega á alþjóðavísu og nú. Stjórn KKÍ skorar því á forystu ÍSÍ að flýta endurskoðun reglugerðar um Afrekssjóð og ljúka henni fyrir Íþróttaping 5.-6. maí 2023. Við endurskoðunina verði viðvarandi óvissu um fjárveitingar til afreksstarfsins eytt og betur en nú er gert tekið tillit til umfangs körfuknattleiks hér á landi og þess alþjóðaumhverfis sem KKÍ starfar í.

6. Körfuknattleiksping 25. mars

Dagskrá þings er samkvæmt lögum KKÍ og fór formlegt þingboð út 8. febrúar sl. em þingboð átti að berast til aðildarfélaganna í síðasta lagi 10. febrúar.

Umræður um tillögur frá stjórn.

EKB fór yfir störf vinnunefndar stjórnar varðandi reglugerð um erlenda leikmenn en fundað hefur með all flestum félögum í tveim efstu deildum karla og kvenna. Boðað hefur verið til undirbúningsfundar með fulltrúum félaganna 20. febrúar

en það er fjórum dögum áður en skilafrestur á tillögum sem er til og með 24. febrúar.

7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 19.54

Næsti fundur mánudaginn 6. mars